

Til menntamálanefndar Alþingis,
formanns nefndarinnar,
Sigríðar A. Þórðardóttur.

Efni: Umsögn Félags íslenskra sérkennara um þingsályktunartillögu
Svanfríðar Jónasdóttur, Sivjar Friðleifsdóttur, Guðnýjar Guðbjörnsdóttur,
Sigríðar Jóhannesdóttur, Arnbjargar Sveinsdóttur og Guðmundar Árna
Stefánssonar

um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stulkna í grunnskólum

Félag íslenskra sérkennara lýsir yfir ánægju sinni með áhuga
flutningsmanna tillögunnar á ofangreindu efni í tengslum við grunnskólann
Við þann vettvang miðast svar FÍS þótt jafnframt gæti verið áhugavert að
skoða málið í víðara félagslegu sambengi t.d. með áherslu á uppeldi og
umhverfi barna og unglunga.

Þeir sem valdir verða í nefndina þurfa að vera vel kunnir eftirfarandi þáttum:

- * Kennsluháttum grunnskólans.
- * Möguleikum kennara til að mæta ólíkum þörfum nemenda miðað við
fjölda barna í bekk.
- * Tíðni hegðunarerfiðleika út frá staðsetningu skóla (t.d. eftir hverfum eða landshlutum),
- * framboði á námsefni fyrir einstaklinga með mismunandi færni í

blönduðum bekkjum

Hér er til dæmis átt við nemendur, oft drengi sem auðveldlega
bregðast við námsefni sem þeir ráða illa við með því að missa stjórn á skapsmunum sínum
og hegðun.

- * Samskiptum nemenda innbyrðis.
- * Framkomu og viðmóti kennara við nemendur sína af báðum kynjum.
- * Kynjaskiptingu starfsfólks, verkastiptingu þeirra og hlutverk.
- * Samstarfi heimila og skóla.

Af þeim aðilum innan skólakerfanna sem FÍS telur hafa góða faglega
þekkingu og reynslu á þessum sviðum má nefna:

Lilju María Jónsdóttir, kennari í Háteigsskóla, en hún hefur beitt sér
fyrir jafnréttismálum kynjanna í starfi sínu, ræðu og riti.
Prófessor Sigrún Aðalbjarnardóttir, í Háskóla Íslands, en hún starfaði
lengi sem grunnskólakennari og er höfundur námsefnis um samskipti nemenda
og hefur gert rannsóknir á þessu sviði.
Guðlaug Teitsdóttir sérkennari og skólastjóri í Einholtsskóla sem
þekkir vel til félagslegra og tilfinningalegraerfiðleika drengja í
grunnskóla.

Virðingarfyllst
Rannveig G. Lund,
formaður Félags íslenskra sérkennara